



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

27. fundur haldinn að Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi

11. október 2022 kl. 8:30

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 1 frá 12. ágúst, nr. 2 frá 29. ágúst nr. 3 frá 6. september, nr. 4 frá 26. september og nr. 5 frá 4. október og 26. fundargerð héraðsnefndar frá 30. júní sl..

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Brunavarnir Árneseinga - kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar Brunavarna lagðar fram til kynningar.

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson, varaslökkviliðsstjóri og Unna Björg Ögmundsdóttir koma inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 1 frá 18. ágúst, nr. 2 frá 13. september og nr. 3 frá 19. september eru lagðar fram til kynningar.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson og Haraldur Jónsson.

Pétur kynnir nýja stjórn og Brunavarnir Árnessýslu. Íbúar sýslunnar voru um sl. áramót rúmlega 20 þús. og um 6.200 sumarhús. Slökkvistöðvar á þeirra vegum eru 7. Fer hann yfir reglugerðir og lágmarksfjölda vegna útkallssvæða, útkallstími er um 3 - 8 mínútur. Fer hann yfir fjölda útkalla árið 2021. Fjöldi vettvanga voru 222, útköll á stöðvar 256, fjöldi vegna tækja boðuð á vettvang 403 og fjöldi slökkviliðsmanna í útköll voru 1.078. Staða útkalla í dag 2022 eru, fjöldi vettvanga 258, útkall á stöðvar 297, fjöldi vegna tækja 483 og fjöldi slökkviliðsmanna í útköll 1.351, töluverð aukning hefur orðið í fjölda útkalla milli ára. Fer hann

yfir verkefni starfmannna BÁ, en þau eru jafn fjölbreytt og misjöfn eins og þau eru mörg. Stafsmenn eru alltaf til taks til að bjarga samborgunum eða ferðamönnum. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að hlúa að starfsmönnum.

Pétur fer yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Lögð er fram eftirfarandi tillaga stjórnar Brunavarna Árnessýslu um lántöku vegna kaupa á slökkvibifreið:

Stjórn Brunavarna Árnessýslu leggur til við Héraðsnefnd að lán vegna kaupanna verði að fullu tekið á árinu 2022 eða um 85 milljónir króna og verði slökkviliðsstjóra veitt umboð til þess.

Til máls taka auk formanns Haraldur Jónsson, Kjartan Björnsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Álfheiður Eymarsdóttir, Smári Bergmann Kolbeinsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Bragi Bjarnason og Jón Bjarnason.

Lögð er fram eftirfarandi breytingatillaga:

Lagt er til að fresta lántökum fyrir BÁ 2022 vegna kaupa á slökkvibifreið og taka sérstaklega fyrir aftur á vörfundu HÁ 2023.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Tónlistarskóli Árnesinga – kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar Tónlistarskólans lagðar fram til kynningar.

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri, og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga, koma inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 201 frá 3.maí, nr. 202 frá 16. ágúst, og nr. 203 frá 27. september eru lagðar fram til kynningar.

Helga kynnir Tónlistarskóla Árnesinga sem er víðfeðmasti tónlistarskóli landsins. Kynnir hún heimasíðu og kennslustaði skólans, kennt er innan allra grunnskólanna í sýslunni, þó er ekki kennt á Eyrarbakka og í Flóahreppi í vetur. Fer hún yfir nemendafjölda og skiptingu nemenda á hljóðfæri. Boðið er upp á heilt og hálf náms. Kennarar við skólann eru nú 40. Fer hún yfir þema sem hefur verið á tónleikum í gegnum árin, í ár er það sjómanna og sjávarlög. Það eru mörg stór verkefni í gangi hjá skólastjórnendum, t.d. stytting vinnuvikunnar, nýtt greiðslu- og nemendaskráningarkerfi, jafnlaunavottun, jafnlaunastaðfesting og húsnæðismál. Það verða stórtónleikar 19. nóvember á Laugarvatni en þá verða lög Gunnars Þórðarsonar tekin fyrir.

Fer hún yfir starf skólans sl. vetur en haldnir vorum um 150 tónleikar. Sýnir hún myndir og segir frá viðburðum. Fer hún yfir nýlegar rannsóknir um áhrif tónlistariðkunar á heilastarfsemi sem eru bæði jákvæð og lagnvarandi. En tilgangur er margþættur, veitir gleði, gefur af sér, þroskar og styrkir einstaklinga og hefur áhrif félagslega.

Helga fer yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Sveinn Ægir Birgisson, Haraldur Jónsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Kjartan Björnsson.

5. Listasafn Árnesinga - kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar

Listasafnsins lagðar fram til kynningar.

Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga frá 7. september og frá 3. október eru lagðar fram til kynningar.

Kynnir hún starf listasafnsins en gerðar hafa verið miklar breytingar á safninu frá því að hún tók við sem forstöðumaður en hún tók við góðu búi. Fer hún yfir þær sýningar sem haldnar hafa verið í safninu þar sem af er ári. Bæði Íslendingar og erlendir aðilar eru duglegir að sækja sýningar. Safnið hefur verið að fá umfjöllun m.a. í París og Ungverjalandi. Það eru fleiri tugir manna sem koma að uppsetningu á sýningum en það er bæði mikil vinna og kostnaður sem fylgir hverri sýningu. Nú er alþjóðlegur listamaður með sýninguna Summa og sundrung í safninu og stendur sýningin fram í desember, sýningin mun síðan fara áfram til fimm landa. Listasafnið fékk hæsta styrk frá Barnamenningarsjóði og er verið að vinna að verkefnum Smiðjuþræðir en keyrðir verður út sex mismunandi smiðjur og námskeið í alla grunnskóla í sýslunni.

Listasafnið er að fara í samstarf með Byggðasafninu, Listasafni Íslands og fleirum um sýningu tengda Ásgrími Jónssyni. Sett verður upp afmælisýning árið 2023 en Bjarnveig Bjarnadóttir gaf stofngjöf til safnsins og verður hluti af þeim verkum sett upp af því tilefni. Safnið á um 550 listaverk. Fyrirhugað er að gefa út bók með verkum safnsins.

Hún sér fyrir sér að gera meira fyrir lóðina og koma jafnvel upp hljóðlistaverkum. Hún er mjög dugleg að sækja um styrki fyrir safnið. Í ár hefur hún fengið 17 millj.kr. í styrki.

Búið er að gera breytingar á kaffihúsinu og safnabúðinni og tókst vel til.

Markmið safnsins er að verða meira áberandi en safnið er vel sótt og fólk er að gera sér ferð á safnið. Enginn aðgangseyrir er inn á safnið. Gestir safnsins árið 2021 voru 10.300. Búið er að útbúa ratleik með 10 útilistaverkum víða um sýsluna sem er komin í gagnið.

Kristín fer yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Friðrik Sigurbjörnsson, Bragi Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

6. Byggðasafn Árnesinga - kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar

Byggðasafnsins lagðar fram til kynningar.

Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga, kemur inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 1 frá 1. september og nr. 2 frá 13. september eru lagðar fram til kynningar.

Lýður fer yfir sögu Byggðasafnsins sem var fyrst til húsa á Tryggvagötu 23 á Selfossi. Árið 1992 var ákveðið að flytja Byggðasafn Árnesinga í Húsið á Eyrarbakka og hefur það verið þar síðan. Fjölbreyttar sýningar eru settar upp í Assistentahúsinu. Sjóminjasafnið, Eggjaskúrinn og Kirkjubær eru einnig sýningarhús á vegum safnsins. Nýlega var húsnæðið að Búðarstíg 22 keypt og gert upp og er þar skrifstofa safnsins, auk þess sem þar er komin góð vinnuaðstaða og einnig gott og viðunandi geymslurými.

Sýningar ársins hafa verið vel sóttar, vel heppnuð listahátíðin Hafsjór var haldin í sumar þar

sem listamenn frá 12 löndum komu að. Gestafjöldi hefur aukist mikið á safnið og er það jákvætt. Safnið hefur verið að sækja um styrki. Opnunartíma safnsins hefur verið breytt og lokar það nú kl. 17:00. Safnið verður 70 ára á næsta ári og haldið upp á það í samstarfi við m.a. Listasafni Árnesinga með sýningu um Ásgrím Jónsson.

Lýður fer yfir starfsáætlun komandi árs.

Lýður fer yfir fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Walter Fannar Kristjánsson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

7. Héraðsskjalasafn Árnesinga - kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafnsins lagðar fram til kynningar.

Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnesinga kemur inn á fundinn. Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga nr. 1 frá 20. september er lögð fram og til kynningar.

Þorsteinn fer yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Þorsteinn ræðir um stafræn sveitarfélög og stafræn héraðsskjalasöfn.

Það er lögbundið hlutverk sveitarfélaga að huga að skjölun. Þegar verið er að vinna með íbúagáttir á heimasíðum sveitarfélaga, þarf að huga að því hvar skjölin enda. Það er ansi margt sem hægt er að sækja um í gegnum síður en það þarf að varðveita upplýsingar sem koma inn í gegnum gáttirnar, það er ekki nóg að bjóða upp á þjónustuna það þarf að varðveita það sem þar er inn sett. Þessu þarf að huga að í upphafi.

Starfsmenn héraðsskjalasafna hafa undirritað viljayfirlýsingu um móttökuver rafrænna skjalasafna, það þarf stór gagnaver og er safnið að vinna með Dönnum í að kortleggja hvernig best er að framkvæma þetta en vegna persónuverndarlaga þá þarf þetta að vera hér á landi. Unnið er með leiðsögn NEA (Netværk for elektronisk arkivering) sem er byggðasamlag rúmlega 30 sveitarfélaga í Danmörku um vörslu rafrænna skjala sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg hefur gert samning við NEA og eru að nýta sér þjónustu þess.

Þorsteinn ræðir um skýrslu KPMG um skrifstofuhugbúnaðarumhverfi sveitarfélaga. Þær tölur sem nefndar eru í skýrslunni koma ekki heim og saman við þær tölur sem horft er til og sveitarfélög í Danmörku greiða til NEA vegna þeirra vinnu. Aðferðafræði NEA og nálgun á verkefnið og nálgun héraðsskjalasafnanna á verkefnið er líklega hagkvæmasti kosturinn fjárhagslega um leið og hún tryggir betri samfellu í þjónustu sveitarfélaga við íbúa.

Það eru tækifæri fyrir sveitarfélögin að samræma hugbúnað og verkferla, með því fá allir sömu þjónustu sama hver sækir um, það er kosturinn við íbúagátt.

Benti hann sveitarstjórnarmönnum á heimasíðu safnsins og sýndi hvernig leita má á síðunni og segir frá verkefni sem unnið er að í innskráningu á gömlum fundargerðum.

Til máls taka auk formanns Sigurjón Vídalín Guðmundsson og Álfheiður Eymarsdóttir.

8. Almannaðarnir Árnésinga - kynning á fjárhagsáætlun ársins 2023 og fundargerðir stjórnar almannaðarna lagðar fram til kynningar.

Fjóla St. Kristinsdóttir kynsir fundargerð stjórnar Almannaðarna Árnésinga nr. 1 frá 16. september og fundargerð framkvæmdaráðs Almannaðarna Árnésinga nr. 1 frá 7. október eru þær lagðar fram til kynningar.

Fjóla fer yfir fjárhagsáætlun Almannaðarna Árnésinga fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson.

9. Ákvörðun um þóknun fyrir stjórnarsetu í stofnunum Héraðsnefndar

Helgi Kjartansson, formaður, kynsir tillögu um þóknun fyrir stjórnarsetu í stofnunum Héraðsnefndar Árnésinga.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnésinga leggur til að þóknun fyrir setu í stjórnunum stofnana Héraðsnefndar verði samræmd. Lagt er til að miðað verði við þóknunir fyrir nefndarsetu sem er í gildi hjá Sveitarfélaginu Árborg en þar fær stjórnarmaður 4% og formaður stjórnar 6% af þingfararkaupi eins og það er hverju sinni. Eins leggur framkvæmdastjórn til að greitt verði fyrir akstur í þágu stofnana Héraðsnefndar.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, Gestur Þór Kristjánsson, Haraldur Jónsson, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Dána Lind Sigurjónsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson og Sveinn Ægir Birgisson.

Tillaga um þóknun fyrir stjórnarsetu í stofnunum Héraðsnefndar Árnésinga er borin undir atkvæði og samþykkt, einn situr hjá.

10. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnésinga

Helgi Kjartansson formaður fer yfir gögn sem unnin hafa verið um húsnæðismál Héraðsskjalasafn Árnésinga sl. ár, húsnæðisþörfina, ásamt því að fara yfir minnisblað framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar.

Rætt er um hús Meitilsins í Þorlákshöfn og hús Smíðanda á Selfossi að Austurvegi 54. Einnig er rætt um aðra möguleika á húsnæði.

Til máls taka auk formanns Fjóla St. Kristinsdóttir, Haraldur Jónsson, Gestur Þór Kristjánsson, Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Bragi Bjarnason, Álfheiður Eymarsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Walter Fannar Kristjánsson, Jón Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Dána Lind Sigurjónsdóttir, Haraldur Jónsson og Sandra Sigurðardóttir.

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu:

Lagt er til að Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnésinga og stjórn Héraðsskjalasafns Árnésinga vinni áfram að lausn á framtíðarhúsnæði fyrir héraðsskjalasafnið. Stjórnirnar skoði tilboð Hafnarskeiðs ehf og aðra nýja möguleika sem gætu komið fram í þeirri vinnu. Reynt

verði að hraða vinnunni eins og kostur er svo niðurstaða geti fengist í húsnæðismál héraðsskjalasafnsins. Stefnt verði að aukafundi í janúar 2023 eða fyrr sé þess kostur.

Samþykkt með meirihluta atkvæða tveir fulltrúar eru á mót, einn fulltrúi situr hjá.

11. Afgreiðsla fjárhagsáætlana stofnana 2023

Til máls tekur auk formanns Haraldur Jónsson, Álfheiður Eymarsdóttir og Arnar Freyr Ólafsson.

- Tónlistarskóli Árnesinga

Fjárhagsáætlun Tónlistaskóla Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Listasafn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Brunavarnir Árnesinga

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða, með þeim breytingum sem lagðar voru til fyrr á fundinum um að fresta lántökum fyrir BÁ 2022 til ársins 2023 vegna kaupa á slökkvibifreið.

- Byggðasafn Árnesinga

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Héraðsskjalasafn Árnesinga

Til máls tekur auk formanns Gestur Þór Kristjánsson.

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- Almannavarnir Árnesinga

Fjárhagsáætlun Almannavarna Árnesinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

12. Héraðsnefnd Árneseinga – fjárhagsáætlun 2023

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tekur til máls og fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og svarar fyrirspurnum um áætlunina.

| Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2023 | | | | | | |
|---|--------------------|--------------------------|--------------------|--------------------------|---------------------------------------|--|
| | Áætlun 2022 | Hlutfall af framlögum | Áætlun 2023 | Hlutfall af framlögum | Hlutfallsleg breyting milli ára | |
| Tekjur: | | | | | | |
| Framlög sveitarfélaga | 192.250.000 | 100,0% | 221.350.000 | 100,0% | 15,1% | |
| Tekið af sjóði v/endorgr. frá Framkvæmdasýslu vegna FSU láns hér að neðan | -26.000.000 | | -15.500.000 | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| Samtals | 166.250.000 | | 205.850.000 | | 23,8% | |
| Gjöld: | | | | | | |
| Byggðasafn Árneseinga | 70.400.000 | 36,6% | 78.000.000 | 35,2% | 10,8% | |
| Listasafn Árneseinga | 47.000.000 | 24,4% | 52.000.000 | 23,5% | 10,6% | |
| Héraðsskjalasafn Árneseinga | 35.000.000 | 18,2% | 44.000.000 | 19,9% | 25,7% | |
| Stjórnun, annað og ófyrirséð | 6.000.000 | 3,1% | 10.500.000 | 4,7% | 75,0% | |
| Lánasjóður sveitarfélaga - afborgun v/FSU láns | 26.000.000 | 13,5% | 29.000.000 | 13,1% | 11,5% | |
| FSU vegna FabLab vegna 2022 | 6.000.000 | 3,1% | 6.000.000 | 2,7% | 0,0% | |
| Fastir styrkir | 1.850.000 | 1,0% | 1.850.000 | 0,8% | 0,0% | |
| Samtals | 192.250.000 | 100,0% | 221.350.000 | 100,0% | 15,1% | |
| Sundurliðun: | | | | | | |
| Fastir styrkir | | | | | | |
| HSK | 1.250.000 | 0,7% | 1.250.000 | 0,6% | 0,0% | |
| SSK | 300.000 | 0,2% | 300.000 | 0,1% | 0,0% | |
| Svæðisstj. björgunarsv. í Árnessýslu | 300.000 | 0,2% | 300.000 | 0,1% | 0,0% | |
| Samtals | 1.850.000 | 1,0% | 1.850.000 | 0,8% | 0,0% | |
| | 2022 | | 2023 | | Breyting á milli ára | |
| Tónlistarskóli Árneseinga | | | | | | |
| Launaliður | 328.955.350 | | 348.575.000 | | 6,0% | |
| Samtals | 328.955.350 | | 348.575.000 | | 6,0% | |
| Almannavarnir Árnessýslu | | | | | | |
| | 6.183.000 | | 6.733.000 | | 8,9% | |
| Samtals | 6.183.000 | | 6.733.000 | | 8,9% | |
| Brunavarnir Árnessýslu | | | | | | |
| | 405.397.000 | | 452.506.000 | | 11,6% | |
| Samtals | 405.397.000 | | 452.506.000 | | 11,6% | |

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

13. Málefni Alviðru

Smári Kolbeinsson kynnir forsögu þess að HÁ eignaðist Alviðru í Ölfusi og Öndverðanes II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fer hann yfir samningsdrög sem samþykkt voru á fundi Héraðsnefndar 25. október 2021 um makaskipti á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Öndverðarnesi II verður eftir makaskiptin eign Héraðsnefndar og Alviðra verður eign Landverndar.

Formaður gefur orðið laust enginn tekur til máls.

Héraðsnefnd Árnesinga samþykkir samhljóða að veita nýrri framkvæmdastjórn umboð til að ljúka samningaviðræðum og undirrita samning við Landvernd um makaskipti á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi.

14. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur, kemur inn á fundinn og ræðir um stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga. Upphaflega kemur erindi frá ráðuneytinu um að endurskoða þurfi samþykktir HÁ. Skoða þarf sérstaklega umboð til Héraðsnefnda og samþykktir og eignarhluti sveitarfélaganna, ákvæðu um úrsögn sveitarfélaga og slit byggðasamlags. Mikilvæt er að ákvæði um fjármál séu í samræmi við sveitarstjórnarlög. Framsal sveitarfélaga á valdi til töku stjórnvaldsákvæðana samkv. 93. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef stjórnvaldsákvörðun er tekin án þess að form valdframsals sé rétt þá eru yfirgnæfandi líkur á því að ákvörðun verði felld út gildi ef hún kemur til kasta dómstóla eða úrskurðaraðila.

Steinunn Erla leggur til eftirfarandi leiðir til úrbóta:

1. Stofnanir HÁ reknar eins og "fastanefndir" sveitarfélaga.
2. Stofnanir sem eru að taka stjórnvaldsákvæðanir í starfsemi sinni færðar í byggðasamlög.
3. Aðskilja stofnanir í sjálfstæð byggðarsamlög.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Walter Fannar Kristjánsson og Fjóla St. Kristinsdóttir

Formaður leggur fram eftirfarandi tillögu um stjórnskipulag HÁ:

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir að fela Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að skoða betur þá valkosti sem Steinunn kynnti og koma með tillögu að stjórnfyrikomulagi Héraðsnefndar sem verður lagt fyrir næsta vörfund.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 15:55

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur
Walter Fannar Kristjánsson, Flóahreppur
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði
Díana Lind Sigurjónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari



Fundargerð

3. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Fundurinn hófst í Þorlákshöfn kl. 13:00, 6. september 2022.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

1. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnésinga

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar fór í vettvangsferð til að skoða þá tvo valkosti sem nefndir hafa verið sem framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnésinga. Húsnæði Meitilsins í Þorlákshöfn og hús Smíðanda á Selfossi voru skoðuð. Gengið var um húsnæðin undir leiðsögn eigenda. Báðir aðilar eru tilbúnir að selja eða leigja sitt húsnæði undir starfsemi Héraðsskjalasafnsins.

Að skoðunarferðinni lokinni var haldið á Kaffi Krús þar sem þessir valkostir voru ræddir. Framkvæmdastjórn samþykkir að leggja þessa tvo valkosti fyrir haustfund Héraðsnefndar.

Fundi slitið kl. 15:10

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð

Arna Ír Gunnarsdóttir
Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson

Sandra Sigurðard.
festa þu það



Fundargerð

4. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 26. sept 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar. Gestur Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir sátu fundinn í gegnum Teams.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur kom inn á fundinn undir lið tvö.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Samstarfssamningar – Héraðsnefnd Árneseinga

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur kom inn á fundinn. Steinunn kynnti fyrir nefndinni minnisblað frá 14. okt. 2021. Farið var yfir breytta löggjöf og að nauðsynlegt er fyrir Héraðsnefndina að gera breytingar á fyrirkomulaginu til að aðlaga sig að breytingunni. Lagt er til að Steinunn verði boðuð á haustfundinn til að kynna minnisblaðið fyrir fulltrúum Héraðsnefndar.

3. Fjárhagsáætlanir stofnana Héraðsnefndar

Stjórnarformenn fóru yfir fjárhagsáætlanir eftirfarandi stofnanna og kynntu fyrir framkvæmdarstjórn.

1. Byggðasafn Árneseinga
2. Listasafn Árneseinga
3. Brunavarnir Árneseinga
4. Tónlistarskóli Árneseinga
5. Héraðsskjalasafn Árneseinga
6. Almannavarnir Árneseyslu

Ákveðið var að áætla ekki launahækkanir fyrir næsta ár og að samræma það í fjárhagsáætlunum hjá öllum stofnunum.

4. Drög að dagskrá Haustfundar sem haldinn verður 11. okt. nk að Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Drög fundarins voru skoðuð og einstakir liðir ræddir sérstaklega.

G. K.
SS
A. K.
I. G.

5. Næsti fundur

Næsti fundur (teams) verður haldinn þann 4. október nk. kl. 8:00

Fundi slitið kl. 17:38

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Hjartan þjóvurur
Sandra Sigurðard.
Asta 1/11 Gunnarsdóttir

Leif Þ. Þórh. -u

Helga Hjortnesen
Ingibjörg Garðard.



Fundargerð

5. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams 4. okt 2022 kl. 8:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Sandra Sigurðardóttir

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. Þóknanir fyrir stjórnarsetu

Til umræðu voru þóknanir fyrir stjórnarsetu, borið saman við stjórnarlaun sveitarfélaganna í sýslunni. Ekki hafa verið gerðar breytingar á launum stjórnarmanna síðan 2016. Ákveðið var að taka mið af nefndarlaunum hjá Sveitarfélaginu Árborg. Formaður útbýr minnisblað sem lagt verður fyrir haustfund til afgreiðslu.

3. Fjárhagsáætlanir stofnana Héraðsnefndar – framhald frá síðasta fundi.

Önnur umræða fjárhagsáætlana stofnana eftir breytingar. Þær eru nú tilbúnar fyrir haustfund. Engar frekari athugasemdir voru gerðar.

4. Drög að dagskrá Haustfundar sem haldinn verður 11. okt. nk á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Dagskrá haustfundar er nú tilbúin og verða gögn send út á næstu dögum.

5. Tryggingamál Héraðsnefndar og stofnana

Árið 2019 voru fengin tilboð í tryggingar fyrir stofnanirnar, þörf er á að endurskoða það og fá ný tilboð. Stjórnarformönnum falið að ræða við forstöðumenn.

6. Næsti fundur

Haustfundur þann 11. október kl. 8:30 á Sólheimum í Grímsnesi.

Fundi slitið 8:47

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Kjartan Björnsson
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Kristjánsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Helgi Kjartansson

G.K. H.K.
S.B.
R.B. S.G.



Fundargerð

6. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga, kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn í Ráðhúsi Árborgar, 8. desember 2022, kl. 14:30.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Gestur Kristjánsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður héraðsnefndar. Sandra Sigurðardóttir var fjarverandi og hennar varamaður hafði ekki tæk á að sitja fundinn. Þá sátu fundinn Jón Bjarnason og Brynhildur Jónsdóttir úr stjórn Héraðsskjalasafns Árnésinga.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnésinga

Þorsteinn Tryggvi Másson safnstjóri Héraðsskjalasafns Árnésinga sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Á haustfundi Héraðsnefndar sem haldinn var á Sólheimum 11. okt 2022 var eftirfarandi bókað:

Lagt er til að Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnésinga og stjórn Héraðsskjalasafns Árnésinga vinni áfram að lausn á framtíðarhúsnæði fyrir héraðsskjalasafnið. Stjórnirnar skoði tilboð Hafnarskeiðs ehf og aðra nýja möguleika sem gætu komið fram í þeirri vinnu. Reynt verði að hraða vinnunni eins og kostur er svo niðurstaða geti fengist í

húsnæðismál héraðsskjalasafnsins. Stefnt verði að aukafundi í janúar 2023 eða fyrr sé þess kostur.

Samþykkt með meirihluta atkvæða tveir fulltrúar eru á móti, einn fulltrúi situr hjá.

Helgi Gunnlaugsson og Þorlákur Einarsson frá Hafnarskeiði ehf komu inná fundinn og kynntu hugmyndir að útfærslu Héraðsskjalasafnsins að Hafnarskeiði 6 í Þorlákshöfn. Fór þeir yfir útlitsteikningar og hugmyndir að innra skipulagi. Helgi og Þorlákur svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Ingimar Baldvinsson frá IB ehf kom inná fundinn og kynnti sínar hugmyndir að húsnæði fyrir Héraðsskjalasafnið að Hellismýri 8 á Selfossi. Ingimar fór yfir skipulag hússins og sýndi útlitsteikningar. Ingimar svaraði fyrirspurnum fundarmann.

Umræða var um þá valkosti sem kynntir voru.

Þorsteinn Tryggvi Másson yfirlag fundinn.

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga samþykkja samhljóða að kynna báða þessa valkosti og taka ákvörðun á aukafundi Héraðsnefndar í janúar 2023.

3. Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga.

Fundurinn samþykkir að haldinn verði aukafundur í Héraðsnefnd 10. janúar.

Fundi slitið kl. 16:15

Helgi Kjartansson, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

[Handwritten signatures]
Beynildur Jónsdóttir
Þorsteinn Tryggvi Másson

Fundargerð 52. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 21. október kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson og Ásta Berghildur Ólafsdóttir.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Sævar Kristinsson og Bryndís Gunnlaugsdóttir frá KPMG komu inn á stjórnarfundinn og kynntu verkáætlun vegna vinnu við stefnumörkun samtakanna. Ákveðið var að halda vinnufund með KPMG fyrir aðalfund sem verður haldinn 11. nóvember nk.

Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni að skrifa undir verksamning við KPMG.

2. Breytingar á samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga - 2202001SO

Stjórn samþykkti á fundi sínum 1. apríl 2022 að vísa tillögum vinnuhóps um breytingar á samþykktum SO til næsta aðalfundar. Til viðbótar við þær breytingar gerir stjórn tillögu að breytingu á 7 gr. samþykktarinnar sem felst í því að ekki þurfa að kjósa tvo skoðunarmenn til vara. Stjórn samþykkir tillöguna og vísar samþykktunum með breytingum til aðalfundar.

3. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2022 - 2209001SO

Unnið að undirbúningi fyrir aðalfund. Tillaga að fjárhagsáætlun 2023-2024 lögð fram.

Samþykkt að stjórn leggi til við aðalfund að árgjald verði hækkað sem hér segir:

Flokkur 1: Hækkar úr 125.000 kr. í 150.000 kr.

Flokkur 2: Hækkar úr 250.000 kr. í 300.000 kr.

Flokkur 3: Hækkar úr 375.000 kr. í 450.000 kr.

og að gjaldið mun síðan fylgja vísitölu.

Samþykkt að stjórn leggi til við aðalfund að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

4. Önnur mál - 2011004SO

Rætt var um að fara í skoðunarferð um Sveitarfélagið Ölfus í kjölfar aðalfundar þann 11. nóvember næstkomandi.

Grétar Ingi Erlendsson mun taka að sér að skipuleggja slíka ferð.

Fundi var slitið kl. 10:30

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Fundargerð 53. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 11. nóvember kl. 11:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Porlákshöfn.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2022 - 2209001SO**

Unnið var að lokaundirbúningi fyrir aðalfund.

Fyrir aðalfund liggja fyrir tillögur að breytingum á samþykktum SO. Til viðbótar við þær breytingar gerir stjórn tillögu að breytingu á 10 gr. samþykktarinnar sem felst í því að fækka stjórnarmönnum úr sjö í fimm og að varamenn í stjórn fækki úr fjórum í þrjá.

Fundi var slitið kl. 12:30

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Grétar Ingi Erlendsson



Fundargerð stjórnar SOS nr. 314

Staður: Hafnarbraut 2, Höfn í Hornafirði

Dagsetning og tími: 26. október 2022 kl. 20:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) sem ritaði fundargerð.

1. Aðalfundur SOS 28. október nk.

Aðalfundur verður haldinn 28. október í tengslum við ráðstefnu SASS á Höfn í Hornafirði, á Hótel Höfn. Formaður fór yfir efni aðalfundar og dagskrá. Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, mun fjalla um það hvort sveitarfélögin geti rekið sorpstöð. Stefán Aspar, verkefnisstjóri umhverfismála Sveitarfélagsins Hornafjarðar, mun fjalla um hvernig hægt sé að bregðast við breytingum í úrgangsmálum.

Fundi slitið klukkan 22:00



Fundargerð stjórnar SOS nr. 315

Staður: Þingborg, Flóahreppi.

Dagsetning og tími: 21. nóvember kl. 13:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Bragi Bjarnason boðaði forföll. Þá mættu á fundinn Ólafur Wernersson, framkvæmdastjóri Orkugerðarinnar ehf., og Árni Eiríksson, fulltrúi í stjórn Orkugerðarinnar ehf.

1. Skoðun á aðstöðu Orkugerðarinnar

Ólafur Wernersson tekur á móti stjórn SOS í húsakynnum Orkugerðarinnar að Heiðargerði 5, Flóahreppi, og kynnir aðstöðu Orkugerðarinnar fyrir stjórnarmönnum.

2. Kynning á starfsemi Orkugerðarinnar – Ólafur Wernersson og Árni Eiríksson

Ólafur Wernersson og Árni Eiríksson kynna starfsemi og framtíðarsýn Orkugerðarinnar fyrir stjórn SOS. Farið yfir áskoranir og tækifæri í rekstri Orkugerðarinnar og möguleika í nýtingu afurða ásamt úrræðum til að lágmarka lyktarmengun o.fl. Kynnt áform um fyrirhugaðar fjárfestingar í stækkun húsnæðis og kaupum á nýjum búnaði til að auka afköst og svara þannig aukinni eftirspurn vinnslu og afurða.

3. Orkugerðin – Stjórnarfundargerð 9. nóv. 2022

Stjórnarfundargerð Orkugerðarinnar frá 9. nóvember 2022 lögð fram til kynningar.

4. Orkugerðin – Fundarboð hluthafafundar 25. nóv. 2022

Fundarboð lagt fram til kynningar. Farið yfir fyrirhugaðar fjárfestingar og möguleika á aukningu hlutafjár. Ákveðið að formaður sækji hluthafafundinn fyrir hönd stjórnar.

5. Tillögur aðalfundar SOS - Heimild stjórnar til að að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé

Möguleikar í nýtingu á heimildum stjórnar til að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé ræddar á breiðum grunni og farið yfir hugmyndir af útfærslum í því tilliti.

5. Önnur mál

Formanni falið af stjórn að hefja vinnu við endurskoðun samþykktar SOS.

Stjórn samþykkir að boðað verði til næsta fundar stjórnar að loknum hluthafafundi Orkugerðarinnar sem fyrirhugaður er 25. nóvember 2022.

Fundi slitið klukkan 16:30.



Seyrustjórn

5. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 20. september 2022 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Staða hreinsunar.

Þjónustufulltrúi fór yfir stöðu á hreinsuðum rofþróum í ár og síðustu ár. Árlega hafa verið hreinsaðar 2.131-2.246 rofþrær. Umræða um að ósamræmi sé á milli fasteignaskrár og þess lista sem tæmt er eftir. Halldóru falið að taka saman betri upplýsingar um hvernig verklagið hefur verið við losun og hvernig hægt sé að ná að samræma losunarlista við fasteignaskrá. Til þess að halda utan um nýskráningar á rofþróum er nauðsynlegt að tengja skráningarnar við ákveðið byggingarstig á nýframkvæmdum. Haraldur falið að setja málið á dagskrá næsta stjórnarfundar hjá UTU bs.

2. Kostnaður við tæmingar.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps fór yfir kostnað við hreinsun á rofþróum, annars vegar hjá Hreinsitækni og hins vegar hjá bíl seyruverkefnisins. Lagt fram til kynningar.

3. Aðgengi og gjaldskrár.

Þjónustufulltrúa falið á síðasta fundi að taka saman gögn um samræmda gjaldskrá. Sú vinna er í gangi. Lagt til að samþykktir um aðgengismál að rofþróum verð samræmd hjá öllum aðilum. Halldóru falið að leggja fram drög að samræmdum samþykktum og samræmdri gjaldskrá.

Halldóra Hjörleifsdóttir vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

4. Starfsmannamál.

Dann 14. júní 2022 var ákveðið að ráða Halldóru Hjörleifsdóttur í 100% starfshlutfall til 31.12.2022. Nú liggur fyrir að fæðingarorlof Áslaugar Öldu er til loka júlí og því samþykkir stjórn að ráða Halldóru Hjörleifsdóttur í 100% starf til loka júlí 2023 en þó með nokkuð breyttum áherslum frá því sem var. Sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að gera ráðningarsamning við Halldóru.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:16.

Næsti fundur boðaður á Flúðum 3. október kl. 15:15



HRUNAMANNAREPPUR

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPURSKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Seyrustjórn



FLÓAHREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

6. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 18. október 2022 kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Staða hreinsunar.

Þjónustufulltrúi fór yfir stöðu á hreinsuðum rotþróum í ár.

Búið er að fara í 2.442 rotþrær á árinu frá 1.janúar-17.október. Þjónustufulltrúi er í vinnu við að yfirfara allar skráningar og bera saman rotþrær á skrá við fasteignaskrá.

2. Gjaldskrá Seyrustaða.

Sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að koma með tillögu að nýju verði á móttökugjaldi á Seyrustöðum þar sem tekið er sérstakt tillit til þeirra miklu hækkana sem hefur orðið á aðföngum og aðkeyptri þjónustu. Rætt um hvort gjaldskrá þjónustu eigi að halda í við vísitölu neyshuverðs og km gjald seyruþils haldi í við vísitölu vörubíla hjá Vegagerðinni.

Seyrustjórn leggur til við sveitarstjórnir að framvegis munu beiðnir um aukalosanir fara fram beint til Seyrustaða en ekki í gegnum sveitarfélögin og Hrunamannahreppur sem umsjónaraðili Seyrustaða sjái um innheimtu beint til viðskiptavina.

3. Fjárfestingar næsta árs.

Rætt um möguleg kaup á nýjum 2ja öxla bíl sem er helmingi minni og gerir okkur kleift að komast að þeim húsum sem núverandi bíll kemst ekki að. Með fjárfestingunni yrðu Seyrustaðir sjálbær í allri þjónustu og þyrfti ekki að notast við undirverktaka. Sveitarstjóra Hrunamannahrepps falið að stilla upp tveimur fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, með því að fara í fjárfestingu á nýjum bíl og án þess að fara í fjárfestinguna.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps fór yfir allar hækkanir sem hafa komið fram á árinu, bæði laun, aðföng og aðkeypt þjónusta. Sveitarstjóra Hrunamanna falið að leggja fram drög að fjárhagsáætlun á næsta fundi í samræmi við umræðu á fundinum.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:25.



HRUNAMANNAREPPUR



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

Seyrustjórn



FLÓAREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

7. fundur seyrustjórnar var haldinn í Aratungu í Reykholti, mánudaginn 7. nóvember 2022 kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Gjaldskrá 2023.

Lögð var fram tillaga að gjaldskrá Seyrustaða fyrir árið 2023. Gjaldskráin er gerð í nafni Hrunamannahrepps á grundvelli fráveitusamþykktar Hrunamannahrepps og var auglýst þannig fyrir síðasta ár líka.

Tillaga að gjaldskrá 2023 samþykkt og vísað til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps til endanlegrar afgreiðslu. Stjórnin vekur athygli aðildarsveitarfélaga að breytingum tengt aukalosunum sem þær þurfa að samþykkja í sínum gjaldskráum.

2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingar 2023.

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og hún samþykkt með fyrirvara um endurskoðun á prósentuskiptingu vegna hreinsunar.

Samþykktri fjárhagsáætlun vísað til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

3. Samstarf við Landgræðsluna.

Fyrir liggur skýrsla frá Landgræðslunni. Skýrslan staðfestir framúrskarandi árangur af starfinu og er lagt til að ræða við Landgræðsluna um að halda samstarfinu áfram. Stjórnin þakkar Landgræðslunni fyrir greinargóða skýrslu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:35.

58. fundur Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings haldinn miðvikudaginn 16. nóvember 2022 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20.

Mættir eru: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Sigurðar Einar Guðjónsson og Smári Bergmann Kolbeinsson. Ásmundur Lárusson og varamaður hans boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar Árnesþings, Steinunn Kolbeinsdóttir, lögmaður (undir dagskrárlið 1 og 2), og Melkorka Jónsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Barnaverndarmál – fært í trúnaðarbók
2. Barnaverndarmál - fært trúnaðarbók
3. Barnaverndarmál – fært í trúnaðarbók
4. Barnaverndarmál – fært í trúnaðarbók
5. Slit Skóla- og velferðarþjónstu Árnesþings b.s.

Fyrirliggjandi er úttekt Miðstöð skólaþróunar við HA á Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ), þar sem lagðar eru fram þrjár sviðsmyndir um framtíðarskipulag þjónustunnar. Nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS), lagði til við sveitarstjórnir að byggðasamlaginu verði slitið og mynduð verði þrjú þjónustusvæði ; Hveragerði, Ölfus og Uppsveitir og Flói.

Bókun: Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings leggur áherslu á að þjónustustig skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings b.s. haldist óbreytt í því breytingaferli sem er framundan.

Fundi slitið kl. 18:51

Hveragerði, 16. nóvember 2022

Sigurbára Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Smári B. Kolbeinsson
Smári B. Kolbeinsson

Elsa Jóna Stefánsdóttir
Elsa Jóna Stefánsdóttir

Valgerður Sævarsdóttir
Valgerður Sævarsdóttir

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Sigurður Einar Guðjónsson
Sigurður Einar Guðjónsson

Melkorka Jónsdóttir
Melkorka Jónsdóttir

57. fundur Skólaþjónustu og velferðarnefndar Árnesþings haldinn miðvikudaginn 9. nóvember 2022 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar Breiðumörk 20.

Mættir eru: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður, Bjarney Vignisdóttir, Elsa Jóna Stefánsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Alda Pálsdóttir, varamanns Sigurðar Einars Guðjónssonar, Ásmundur Lárusson og Smári Bergmann Kolbeinsson. Einnig sat fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar Árnesþings (staðgengill forstöðumanns Skóla – og velferðarþjónustu Árnesþings) sem ritaði fundargerð.


Dagskrá:


1. Barnaverndarmál – fært í trúnaðarbók
2. Félagþjónustumál – fært í trúnaðarbók
3. Erindi til kynningar
 - a) Bréf frá Gæða-og eftirlitsstofnun, dagsett 29. ágúst 2022, vegna vinnslu máls hjá Skóla-og velferðarþjónustunni. Skólaþjónusta-og velferðarnefnd Árnesþings hefur farið yfir bréf og tekur þeim ábendingum sem koma þar fram. Unnið hefur verið að bættum verkferlum að undanfögnu og mörgum þáttum sem koma fram í niðurstöðum GEV hefur nú þegar verið bætt úr við vinnslu barnaverndarmála.
 - b) Bréf frá Gæða-og eftirlitsstofnun, dagsett 21. september 2022, vegna vinnslu máls hjá Skóla-og velferðarþjónustunni. Skólaþjónusta-og velferðarnefnd Árnesþings hefur farið yfir bréfið og tekur þeim ábendingum sem koma þar fram. Unnið hefur verið að bættum verkferlum að undanfögnu og mörgum þáttum sem koma fram í niðurstöðum GEV hefur nú þegar verið bætt úr við vinnslu barnaverndarmála.
 - c) Bréf frá Helgu Baldvins, lögmanni, dagsett 27. október 2022, kröfur um bæta þjónustu og skaðabætur vegna skorts á þjónustu af hálfu Hveragerðisbæjar, Bergrisans b.s. og Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings. - Forstöðumaður SVÁ vinnur að svari við bréfinu í samráði við Óskar Sigurðsson, lögmanni hjá Lex, lögfræðistofu.


Fundi slitið kl. 18:30


Hveragerði, 9. nóvember 2022


Sigurbára Rúnarsdóttir



Bjarney Vignisdóttir



Smári B. Kolbeinsson


Elsa Jóna Stefánsdóttir


Valgerður Sævarsdóttir


Alda Pálsdóttir


Ásmundur Lárusson


Anný Ingimarsdóttir

Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga

Haldinn 11. nóvember 2022 kl. 13:00 í fundarsal Black Beach Tours Hafnarskeið 17,
815 Þorlákshöfn

Mættir voru 20 fulltrúar, þar af 15 með atkvæðarétt.

Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Ása Valdís Árnadóttir formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hún til að Páll Marvin Pálsson yrði fundarstjóri og Jóhannes Á. Jóhannesson fundarritari.

Samþykkt samhljóða

1. Inntaka nýrra sveitarfélaga

Tekin var fyrir beiðni Skaftárhrepps um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóma.

Tekin var fyrir beiðni Sveitarfélagsins Hornafjarðar um að fá aðild að Samtökum orkusveitarfélaga.

Samþykkt samhljóma.

2. Skýrsla stjórnar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn.

Skýrsla samþykkt.

3. Ársreikningar samtakanna 2020 og 2021

Valur Rafn Halldórsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2020 og 2021.

Ársreikningarnir samþykktir.

4. Starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árin 2023-2024. Stjórnin lagði til að árgjöld verði hækkuð sem hér segir :

- að gjaldið fari úr 125.000 kr. í 150.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með innan við 5.000 íbúa
- að gjaldið fari úr 250.000 kr. í 300.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með 5.000 til 10.000 íbúa
- að gjaldið fari úr 375.000 kr. í 450.000 kr. hjá þeim sveitarfélögum með fleiri en 10.000 íbúa

Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann fyrir hvern fund.

Fjárhagsáætlun ásamt ákvörðunum um árgjald og þóknun stjórnar voru borin upp til samþykktar og voru samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Ása Valdís Árnadóttir fór yfir tillögu stjórnar að breytingum á samþykktum samtakanna. Tillögurnar voru sendar út til aðildarsveitarfélaga með fundarboði. Fram kom viðbótartillaga frá stjórn um að fækka skuli aðalmönnum í stjórn úr sjö í fimm og varamönnum úr fjórum í þrjá.

Tillögur að breytingum á samþykktum samtakanna vor allar samþykktar.

6. Kosning formanns, annarra stjórnarmanna og varamanna til tveggja ára
Fyrir hönd stjórnar kynnti Páll Marvin Pálsson tillögu að nýrri stjórn, varastjórn og formanni. Lögð var fram eftirfarandi tillaga :

Aðalstjórn

Árni Eiríksson, Flóahreppur
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur – Formaður
Guðný Birna Guðmundsdóttir, Reykjanesbær
Jónína Brynjólfssdóttir, Múlaþing
Knútur Emil Jónasson, Þingeyjarsveit

Varastjórn

Einar Kristján Jónsson, Skaftárhreppur
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþing

Tillögur voru síðan bornar upp.

Tillaga stjórnar að aðalstjórn samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar að varastjórn samþykkt samhljóða.

Tillaga stjórnar að nýjum formanni samþykkt samhljóða.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþing ytra.

Tillögur um skoðunarmenn samþykktar samhljóða.

8. Önnur mál

Sævar Kristinsson frá KPMG kynnti vinnu við stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga.


Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tækni- og vísni Uppsveita bs. sagði frá vindorkuvettvangsferð til Danmerkur á vegum State of Green og danska sendiráðsins á Íslandi, í samstarfi við Grænvang.

Að loknum erindum þeirra Sævars og Vígfúsar hófust mikilvægar umræður um hagsmunamál samtakanna. Ýmsar skoðanir og hugmyndir komu þar fram.

Fundarslit

Ása Valdís Árnadóttir flutti lokaorð og þakkaði fundarmönnum fyrir komuna.

Fundi slitið kl: 15:00



Samtök orkusveitarfélaga

Stofnuð 25. nóvember 2011

www.orkusveitarfelog.is

Skýrsla stjórnar 2020 - 2022

Inngangur

Í þessari ársskýrslu Samtaka orkusveitarfélaga fyrir starfsárin 2020 – 2022 er fjallað um störf stjórnarinnar og farið yfir helstu verkefni á milli aðalfunda þann 5. nóvember 2020 og 11. nóvember 2022.

Skipan stjórnar

Á aðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga árið 2020 voru eftirfarandi kjörin í stjórn samtakanna til tveggja ára:

Aðalstjórn:

Arnór Benónýsson, oddviti, Þingeyjarsveit

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti, Grímsnes- og Grafningshreppi, formaður

Árni Eiríksson, oddviti, Flóahreppi

Díana Hilmarsdóttir, bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ

Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri, Húnavatnshreppi

Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi, Sveitarfélagið Ölfusi

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, forseti sveitarstjórnar, Norðurþingi

Varastjórn:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, oddviti, Ásahreppi

Gunnþórunn Ingólfisdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi, Fljótsdalshreppi

Skarphéðinn Orri Björnsson, varabæjarfulltrúi, Hafnarfjarðarkaupstað

Stefán Bogi Sveinsson, sveitarstjórnarfulltrúi, Múlaþingi

Á tímabilinu óskaði Kolbrún Ada Gunnarsdóttir eftir lausn frá stjórn og fór Gunnþórunn Ingólfisdóttir inn í aðalstjórn í staðinn.

Á tímabilinu hélt stjórnin 10 formlega fundi.

Á fyrsta fundi stjórnar var Einar Kristján Jónsson kjörinn varaformaður og Grétar Ingi Erlendsson kjörinn gjaldkeri samtakanna. Starfsmaður samtakanna var kjörinn ritari samtakanna.

Heimsfaraldur hafði aðeins áhrif á starfsemi stjórnarinnar á þessum tveimur árum og voru fundir stjórnar því oftast haldnir í fjarfundarbúnaði ásamt því að orkufundur 2021 frestaðist um nokkra mánuði.

Aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga október 2022

Ásahreppur

Bláskógabyggð

Fjarðabyggð

Fljótisdalshreppur

Flóahreppur

Grindavíkurbær

Grímsnes- og Grafningshreppur

Hafnarfjarðarkaupstaður

Hrunamannahreppur

Húnabyggð

Múlaþing

Norðurþing

Rangárþing ytra


Reykjanesbær

Seltjarnarnesbær

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Sveitarfélagið Ölfus

Þingeyjarsveit



Fyrirkomulag starfseminnar

Samtök orkusveitarfélaga eru með samning við Samband Íslenskra sveitarfélaga um bókhald, aðgang að starfsmanni til að sinna verkefnum samtakanna og annað það sem tilheyrir starfsemi þeirra.

Í upphafi starfstímans var Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði starfsmaður samtakanna. Hún lét af störfum fyrir samtökin í upphafi árs 2021 eftir tveggja ára starf fyrir samtökin. Við verkefnum hennar tók Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambandsins.

Jafnframt hafa lögfræðingarnir Guðjón Bragason og Kristín Ólafsdóttir verið samtökunum innanhandar í verkefnum stjórnar á tímabilinu.

Verkefni stjórnar

Samkvæmt 3. grein samþykktu Samtaka orkusveitarfélaga er tilgangur samtakanna þessi:

- *Að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga í öllum málum sem tengjast byggingu orkuvera og virkjana, orkunýtingar, fjárhagslegum hagsmunum í þessu sambandi og umhverfismálum.*

- Að taka þátt í mótun reglna um skattlagningu virkjana og orkufyrirtækja ásamt öðrum fjárhagslegum og umhverfislegum atriðum sem tengjast nýtingu orkuauðlinda.
- Að taka þátt í mótun orkustefnu með áherslu á stöðu vatnsafls og jarðvarma sem sjálfbærar orkuframleiðslu.
- Að miðla upplýsingum og reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málaflokkinn.
- Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum, s.s. vinnu við gerð laga og reglugerða sem varða orkumál og nýtingu jarðvarma og vatnsafls og stuðla að fræðslu og kynningu á málum sem því tengjast.

Markmið samtakanna er:

- Að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu skiptist með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagsmunaaðilar við orkuvinnslu. Það eru eigandi auðlindarinnar, orkuframleiðandinn, orku kaupandinn, þjóðin og nærsamfélagið.
- Að sveitarfélög sem ná inn á vatnasvið og varmasvið sem nýtt eru til orkuframleiðslu séu fulltrúar nærsamfélagsins við alla ákvarðanatöku í málaflokknum og þegar kemur að því að fá hlutdeild í arðinum.
- Að öll mannvirki sem tengjast orkuöflun og orkusölu, af hvaða tagi sem þau eru, sem og nýtingarréttindi verði skráð sem fasteignir og beri gjöld sem slíkar.
- Að lög og reglur um innheimtu opinberra gjalda af orkuiðnaðinum verði skýr og í samræmi við það sem gerist og gengur um atvinnustarfsemi og eignir.

Leiðir:

- Gerðar verði breytingar á löggjöf um orkuvinnslu þess efnis að hlutdeild í arði af orkuvinnslu renni til sveitarfélaga á vatna- og varmasvæðum virkjana. Horft verði til norskrar löggjafar sem fyrirmyndar.
- Settir verði í löggjöf gegnsæir mælikvarðar sem skilgreina hvaða sveitarfélög ná til vatna- og varmasvæða virkjana.
- Lögum um fasteignamat verði breytt þannig að skilgreining á hlunnindum sem nýtast til orkuvinnslu verði skýrari, þá einnig virkjanlegar auðlindir á borð við vind og sjávarföll.
- Lögum um skráningu og mat fasteigna verði breytt þannig að orkumannvirki verði ekki undanþegin frá fasteignamati og greiðslu fasteignagjalda til sveitarfélaga. Þetta eigi m.a. við um stíflumannvirki og raflínur. Í lögnum verði einnig viðmið um framkvæmd mats á viðkomandi mannvirkjum.
- Samtök orkusveitarfélaga fái til umsagnar allar breytingar á lögum og reglum er varða starfsumhverfi orkufyrirtækja og tilnefni fulltrúa í starfshópa og nefndir innan þessa málaflokks.
- Samtök orkusveitarfélaga standi reglulega, ein og sér eða í samstarfi við aðra, fyrir ráðstefnum og fræðsluerindum um auðlindamál og auðlindanýtingu til að efla umræðu um málefnið.
- Samtök orkusveitarfélaga endurskoða reglulega samþykktir sínar, stefnu og markmið með það fyrir augum að vera lifandi vettvangur og virk samtök í hagsmunagæslu fyrir aðildarsveitarfélög sín.

Stjórn hefur haft tilgang og markmið samtakanna að leiðarljósi við gerð stefnumörkunar og þau verkefni sem unnin hafa verið síðustu tvö ár.

Stefnumörkun stjórnar 2020 – 2022

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var gildandi stefnumörkun yfirfarin, hún tók nokkrum breytingum og var hún að lokum staðfest af stjórn 12. mars 2021. Tilgangur stefnumörkunar stjórnar er í grófum dráttum sá að gera aðgerðaráætlun fyrir starfstíma stjórnar til að vinna að tilgangi og markmiðum samtakanna. Engu að síður hefur stjórn og þar með samtökin staðið á tímamótum í þeirri miklu umræðu og hröðu þróun sem hefur átt sér stað í orkumálum undanfarin misseri.


Stjórn ákvað í ljósi þess að ráða verkefnastjóra til að aðstoða samtökin í að vinna að heildstæðri stefnumörkun, en farið verður nánar inn á það verkefni síðar í skýrslunni. Jafnframt er lagt til í endurskoðuðum samþykktum að framvegis verði rætt um starfsáætlun stjórnar í stað stefnumörkunar.

Kvörtun til ESA vegna undanþágu orkufyrirtækja frá skattlagningu

Á undanförunum árum hefur Stefán Bogi Sveinsson, fyrrum formaður og einn af stofnendum Samtaka orkusveitarfélaga, setið fyrir hönd samtakanna í tveimur starfshópum um skattlagningu orkumannvirkja þar sem starfshópunum var falið að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki til að framleiða og flytja raforku. Á fyrst fundi nýrrar stjórnar fór Stefán yfir vinnuna sem hafði verið í gangi.

Þann 13. nóvember 2020 var sameiginlegu álitum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka orkusveitarfélaga skilað inn til þáverandi Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Þar var lýst yfir vonbrigðum um að þetta væri í annað sinn á fáum árum sem starfshópi mistekst að komast að sameiginlegri niðurstöðu um leiðir til þess að tryggja sveitarfélögunum sanngjarnar tekjur af orkuframleiðslu og -flutningi. Í kjölfarið ákvað stjórn Samtaka orkusveitarfélaga senda inn kvörtun til ESA og fékk Sókn lögmannsstofu til að vinna málið.

Þann 12. maí 2021 var send formleg kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja. Þann 18. maí sama ár barst svar frá ESA þar sem gefið var færi á að gefa nánari skýringar og var því svarað í júní. Í september 2021 barst svar bréf frá ESA þar sem tilkynnt var um að gert sé ráð fyrir frekari viðbrögðum vegna málsins innan næstu 12 mánaða. Ekki hefur borist neitt erindi frá ESA en verið er að skoða næstu skref.



Orkufundur 2021

Samkvæmt samþykktum Samtaka orkusveitarfélaga skal halda orkufund árið sem ekki er aðalfundur. Orkufundur 2021 var upphaflega áætlaður sem staðarfundur þann 28. maí 2021 í Ráðhúsi Ölfuss undir yfirskriftinni Orka og matvælaframleiðsla en var síðan frestað. Orkufundurinn var að lokum haldinn 14. janúar 2022 í gegnum fjarfundarbúnað og tókst vel til. Rætt var um að hafa áframhald af honum en þess í stað hefur verið lagt til í endurskoðun samþykpta samtakanna að haldinn verði orkufundur árlega þar sem boðið verður upp á fræðslu og kynningar í takt við tilgang og markmið samtakanna.

Hægt er að horfa á orkufund 2021 og aðra eldri viðburði inn á heimasíðu samtakanna www.orkusveitarfelog.is

Grænbók um orkumál

Í febrúar 2022 voru fulltrúar landshlutasamtaka sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka orkusveitarfélaga boðaðir til fjarfundar með starfshópi um Grænbók um orkumál. Skýrsla starfshópsins kom síðan út í mars 2022.

Starfshópar

Í febrúar 2022 skipaði stjórn samtakanna tvo starfshópa sem samanstóðu af stjórnarmönnum. Annar starfshópurinn fékk það verkefni að endurskoða samþykktir samtakanna og hinn hópurinn fékk það verkefni að vinna starfsáætlun, yfirfara stefnumörkun samtakanna og undirbúa kynningu á hlutverki og áherslum samtakanna.

1. Starfshópur um samþykktir

Starfshópurinn skipuðu Einar Kristján Jónsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Skarphéðinn Orri Björnsson og Ása Valdís Árnadóttir. Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur sambandsins var starfshópnum til aðstoðar. Hópurinn fundaði tvisvar sinnum í mars.

Fyrir aðalfundinn 2022 liggja tillögur að endurskoðum samþykktum frá hópnum sem stjórn hefur samþykkt að vísa til aðalfundar.

2. Starfshópur um starfsáætlun, yfirferð stefnumörkunar og kynning

Starfshópurinn skipuðu Arnór Benónýsson, Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Díana Hilmarsdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Hópnum var ætlað stórt verkefni; að vinna starfsáætlun, yfirfara stefnumörkun samtakanna og undirbúa kynningu á hlutverki og áherslum samtakanna. Hópurinn fundaði fjórum sinnum í mars, apríl og maí. Starfshópurinn kom með þá hugmynd að ráða verkefnastjóra tímabundið til að setja saman eins konar grænbók/stefnumörkun um stefnu samtakanna, sýn á skattlagningu og fleira.

Niðurstaða hópsins var því að leggja til að ráða verkefnastjóra vegna stefnumótunar fyrir samtökin. Stjórn samþykkti í september að fara í samstarf við ráðgjafafyrirtækið KPMG um stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga og verður stutt kynning á verkefninu á aðalfundi samtakanna 2022. Markmiðið er að greina núverandi stöðu og fyrri aðgerðir og að samtökin setji fram skýra sýn og markmið til framtíðar.

KPMG og stefnumótun Samtaka orkusveitarfélaga

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga ákvað í september 2022 að ráða ráðgjafafyrirtækið KPMG til að vinna að stefnumótun samtakanna. KPMG tekur að sér verkefnisstjórn í samstarfi við stjórn og aðstoðar Samtök orkusveitarfélaga við verkferlið, allt frá greiningu, viðtölum, stýringu vinnufunda við að uppgötva, skilgreina og móta stefnu yfir í aðgerðaáætlun, samantekt og kynningu. Bæði fráfarandi og verðandi stjórn munu koma að vinnunni. Áætlað er að þessari vinnu ljúki öðru hvoru megin við áramótin.

Við vinnuna framundan er vert að hafa í huga að á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var 28.-30. september 2022 var stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2023-2026 til umfjöllunar. Endanleg stefnumörkun, sem byggir á umfjöllun í fjórum umræðuhópum á landsþingi, mun liggja fyrir eftir fund stjórnar sambandsins sem haldinn verður 25. nóvember.

Að loknu landsþingi liggja fyrir ýmsar tillögur um áherslur í orkumálum sem taka mið af þróun sem hefur orðið í orkumálum á undanförunum árum ásamt aukinni umræðu og þekkingu á sveitarstjórnarstigi um áhrif loftslagsbreytinga. Stjórnin væntir þess að áherslur í stefnumörkun sambandsins verði gagnlegar til hliðsjónar í stefnumótunarvinnu Samtaka orkusveitarfélaga.

Eftirfarandi tillögur mætti m.a. hafa í huga:

- Í stefnumörkun stjórnvalda í raforkumálum verði áfram lögð rík áhersla á náttúruvernd en einnig verði lagt mat á samfélagsleg og efnahagsleg áhrif virkjana ásamt þörf fyrir raforkuöryggi um allt land.
- Sambandið beiti sér fyrir því að ferlið við gerð og samþykkt rammaáætlunar verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar.
- Mótuð verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.
- Sambandið leggur áherslu á að fasteignaskattar séu greiddir af öllum fasteignum.

Fyrirkomulag vindorkunýtingar - samskipti við starfshóp ráðuneytis

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði haustið 2022 starfshóp til að móta tillögur um fyrirkomulag vindorkunýtingar. Stjórn hefur haft aðkomu að málinu m.a. í gegnum Guðjón Bragason lögmann sambandsins og hefur formaður Samtaka orkusveitarfélaga setið vinnufundi starfshópsins með Guðjóni. Þessi vinna er enn í gangi.

Lokaorð

Við lok starfstímabilsins er rétt að koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem setið hafa í stjórninni, starfsfólks Samtaka orkusveitarfélaga, samstarfsfólks hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg í starfsemi samtakanna á liðnum árum.

Það er ósk fráfarandi stjórnar að stefnumótunarvinnan með KPMG færi samtökin nær markmiðum sínum og hjálpi til við að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga sinna. Á þessum miklu umbótartímum þýðir ekkert annað fyrir aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga en að horfa fram á veginn, hafa skýra sýn og láta ekkert tengt orkumálum framhjá sér fara.

F.h stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2020-2022,
Ása Valdís Árnadóttir
formaður





Aðalfundur
Sorpstöðvar Suðurlands bs
haldinn á Hótel Höfn
28. október 2022

Nóvember 2022

1. Setning

Anton Kári Halldórsson formaður SOS setur fundinn.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir sem fundarstjóra Eyrúnu Fríðu Árnadóttur og Sigurjón Andrésson og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Eyrún Fríða Árnadóttir tekur við stjórn fundarins.

3. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar SOS af kjörbréfa- og kjörnefnd:

| Kjörbréfanefnd | Sveitarfélag |
|-------------------------------|-----------------------|
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Rangárþing ytra |
| Sveinn Ægir Birgisson | Sveitarfélagið Árborg |

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

4. Skýrsla stjórnar

Anton Kári Halldórsson formaður flytur skýrslu stjórnar, kynnir Anton stjórn sína sem fundar reglulega.

Á síðasta ári hefur verið unnið að ýmsu tengt úrgangsmálum. Stefán Gíslason hefur verið ráðinn áfram verkefnastjóri. Unnið hefur verið að úrgangsurrræðum, samantekt um magn úrgangs, hugmynda um brennsluofn vegna dýraleyfa og breytingum á gjaldskrá, einnig var endurnýjaður þjónustusamningur við SASS.

Urðun er að minnka og endurvinnsla og endurnýting að aukast, því ber að fagna. SOS er í samráði við önnur sorpsamlög á suðvesturhorninu sem unnið hafa að svæðisáætlun fyrir svæðið um meðhöndlun úrgangs. Öll aðildarsveitarfélög SOS hafa samþykkt svæðisáætlunina. Einnig hefur skýrslu verið skilað um hátækni-brennslustöð en áhugi hjá ráðuneytinu hefur dvínað. Fyrirhugað er að taka upp þráðinn samhliða undirritun og kynningu svæðisáætlunar. Í kjölfar stríðsins í Úkraínu hefur markaður fyrir brennanlegt efni í Evrópu stækkað, en aukin útflutningur á brennanlegu efni er ekki framtíðarlausn.

Unnið er samkvæmt lokunaráætlun um urðunarstaðinn í Kirkjuferjuháleigu. Orkugerðin, sem SOS á hlut í, er nú fyrirmyndarfyrirtæki og er farin að skila hagnaði. Brennsluofn á Strönd er verkefni sem unnið er að í samstarfi við Sorpstöð Rangárvallasýslu en undirbúningur hefur verið í gangi í talsverðan tíma. Í upphafi var þetta lítið verkefni og var fjárfestingarkostnaður áætlaður um 80 m.kr. en þegar leið á verkefnið var kostnaðurinn kominn upp í um 250 m.kr. Huga þarf að hönnunarmálum og útfærslu og taka ákvörðun hvernig á að lenda verkefninu, huga þarf að skipan starfshóps og fl. ef haldið verður áfram.

Verkefni næsta árs. Vinna að úrvinnsluúrræðum vegna úrgangs á Suðurlandi, stefnumótunarvinna, innleiðing úrgangslaga, gjaldskrármál „Borgað þegar hent er“ (pay as

you throw, brennsla dýraleyfa, hátækniþrenslustöð og endurskoðun á samþykktum. Það þarf að nýta SOS vettvanginn og auka samvinnuna og hjálpast að.

5. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 7 aðalfulltrúa og 2 fulltrúar eru fjarverandi.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Afgreiðslumál

a) Ársskýrsla SOS

Eru henni gerð skil í skýrslu stjórar fyrir á fundinum.

b) Endurskoðaður ársreikningur 2021

Bjarni Guðmundsson, SASS, kynnis ársreikning fyrir árið 2021, þar kemur fram að rekstrartap nam tæplega 7,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé 125,7 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2023

Bjarni Guðmundsson, SASS, kynnis fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði um 10 m.kr. og rekstrargjöld rúmlega 17 m.kr. Áætlað er að tap ársins verði 6,4 m.kr.

Sigurjón Andrésson tekur við stjórn fundarins.

d) Tillaga að gjaldskrá

Lögð er fram tillaga að breytingum gjaldskrá Sorpstöðvar Suðurlands fyrir árið 2023.

Tillaga til aðalfundar SOS 28. október 2022 um tekjustofn (gjaldskrá).

Fram til loka árs 2018 byggði tekjustofn SOS á umsýslugjaldi sem lagt var á allan úrgang sem fór til urðunar og var gjaldið 0,76 kr./kg. án vsk.

Á aðalfundi SOS árið 2018 var tekjugrunni SOS breytt og skyldi hann framvegis byggja á brunabótamati sem vigti 70% og á fjölda íbúa sem vigti 30% í hverju sveitarfélagi sem aðild á að SOS, sbr. töflu hér að neðan.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig gjaldið skiptist á sveitarfélögin sem aðild eiga að SOS gefið að markaður tekjustofn Sorpstöðvarinnar á ári sé að fjárhæð 10 m.kr. og ef miðað er við að brunabótamat vigti 70% (stofn frá 31. desember 2021) og fjöldi íbúa vigti 30% (1. janúar 2022).

Í dálknum „Samtals gjald“ má sjá hvernig árgjaldið til SOS skiptist á einstök sveitarfélög m.v. fyrrgreindar forsendur.

Innheimta á gjaldið 1. febrúar og 1. júlí ár hvert.

| | Íbúafjöldi 01.01.22* | Brunabótamat 31.12.21** | | |
|--|----------------------|-------------------------|-------------------|----------------|
| Sveitarfélag | Gjald | Gjald | Samtals gjald | % |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 71.648 | 377.666 | 449.314 | 4,49% |
| Flóahreppur | 86.326 | 215.472 | 301.797 | 3,02% |
| Sveitarfélagið Árborg | 1.347.624 | 1.858.158 | 3.205.782 | 32,06% |
| Hrunamannahreppur | 101.750 | 313.283 | 415.032 | 4,15% |
| Bláskógabyggð | 144.788 | 747.046 | 891.834 | 8,92% |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 65.304 | 843.555 | 908.859 | 9,09% |
| Hveragerðisbær | 371.175 | 519.743 | 890.918 | 8,91% |
| Sorpstöð Rangárvallasýslu | 502.778 | 1.461.494 | 1.964.272 | 19,64% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 308.608 | 663.584 | 972.192 | 9,72% |
| Samtals | 3.000.000 | 7.000.000 | 10.000.000 | 100,00% |
| | | | | |
| Sorpstöð Rangárvallasýslu | Gjald | Gjald | Samtals gjald | % |
| Rangárþing ytra | 225.143 | 609.401 | 834.544 | 8,35% |
| Rangárþing eystra | 245.170 | 591.288 | 836.457 | 8,36% |
| Ásahreppur | 32.465 | 260.806 | 293.271 | 2,93% |
| Sorpstöð Rangárvallasýslu | 502.778 | 1.461.494 | 1.964.272 | 19,64% |
| | | | | |
| Marktekjur 10 m.kr. | | | | |
| Vægi íbúafjólða 30% | | | | |
| Vægi Brunabótamats 70% | | | | |
| | | | | |
| *Hagstofa Íslands, íbúafjöldi 1. janúar 2022 | | | | |
| ** Þjóðskrá. Brunabótamat 31.12.2021 | | | | |

Fundarstjóri gefur orðið laust, Haraldur Jónsson tekur til máls.

e) Tillaga um þóknun stjórnar

Anton Kári Halldórsson formaður leggur fram tillögu að þóknun stjórnar.

Tillaga til aðalfundar SOS 28. október 2022 um þóknun stjórnar.

1. Laun stjórnar skulu nema kr. 39.974.- fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema kr. 59.960.- fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema kr. 39.974.- fyrir hvern fund.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Framangreind þóknun skal uppreiknuð í janúar 2023 og þá skal miða við breytingu á launavísitölu frá nóvember 2022.

f) Tillögur að breytingu á samþykktum

Engar tillögur berast.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Sigurjón Andrésson fundarstjóri leggur fram tillögu til aðalfundar SOS um heimild stjórnar til að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé.

Tillaga til aðalfundar SOS 28. október 2022 um heimild stjórnar til að leita lausna í úrgangsmálum og ganga á eigið fé

1. Stjórn SOS óskar eftir heimild aðildarsveitarfélaga til þess að vinna að heilstæðum lausnum fyrir aðildarsveitarfélög í tengslum við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og gjaldskrármálum með tilkomu „Borgað þegar hent er“. Hvert og eitt sveitarfélag stendur frammi fyrir talsverðum breytingum er varða úrgangsmál með innleiðingu laga um komandi áramót en mikil tækifæri felast í því að geta unnið í sameiningu að útfærslum sem gagnast öllum sveitarfélögunum. Óskað er eftir heimild fundarins til að ganga á eigið fé SOS, allt að 5.000.000 kr., til að fjármagna þessa vinnu. Reynist kostnaður hærri verður leitað samþykkis aðildarsveitarfélaga.

Fundarstjóri gefur orði laust. Enginn tekur til máls.

2. Stjórn SOS óskar eftir heimild aðildarsveitarfélaga til þess að vinna að lausn við afsetningu úrgangs úr fituskiljum sem til verður innan svæðisins. Um að ræða úrgangsflokk sem í sjálfu sér er ekki mikill umfangs, en hann þarf nauðsynlega farveg. Komið hafa upp hugmyndir um að slík móttaka gæti farið fram á vegum Orkugerðarinnar og afurðin nýst í framleiðslunni þar. Óskað er eftir heimild fundarins fyrir því að ganga á eigið fé SOS, allt að 5.000.000 kr., til þess að fjármagna þessa vinnu. Reynist kostnaður hærri verður leitað samþykkis aðildarsveitarfélaga.

Fundarstjóri gefur orðið laust, Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir og Haraldur Jónsson taka til máls.

Tillaga nr. 1 frá stjórn er borin undir atkvæði samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 frá stjórn er borin undir atkvæði samþykkt samhljóða.

Haraldur Jónsson leggur fram eftirfarandi tillögu:

„Handbært fé SOS í árslok 2021 var 98.736.629 kr. Ekki liggja fyrir neinar fjárfestingar á árinu og því ekki þörf á því að sækja fé til sveitarfélaganna í rekstur. Núverandi lausafé SOS dugar til reksturs í fjölda ára. Lagt til að rekstraráætlun verði breytt þannig að 10 m.kr. framlag sveitarfélaganna verði felld niður og í staðinn verði gengið á eigið fé til reksturs SOS.“

Tillagan Haraldar er borin undir atkvæði og felld með meirihluta atkvæða.

7. Erindi: Einar Bárðarson framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu Geta sveitarfélögin rekið sorpstöð?

Einar spyr „Geta sveitarfélög rekið sorpstöð?“ Stutta svarið er já. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur séð um allan rekstur varðandi sorphirðu, rekstur móttökustöðvar og grenndarstöðva síðan 2018. Starfsmenn eru 6 og íbúar um 4.000. Móttökustöðin er rekin á Strönd og eru grenndarstöðvar 3, ekki er ólíklegt að fjölga þurfi grenndarstöðvum og bjóða uppá fleiri flokkunarmöguleika til að uppfylla nýja reglugerð.

Hver er hin rétta eining? Það er erfitt að segja, svæðið er stórt en keyrðir eru um 1.500 km. Þegar að sorp er sótt á 6 vikna fresti en þá eru um 4.500 ílát losuð. Það er gerlegt að láta líða þetta langur tími milli losanna eftir að lífrænt sorp fór úr almenna sorpinu. Meðhöndlað er um 5 þúsund tonn af sorpi á ári frá íbúum. Fyrirtæki eru ekki þjónustuð nema undir sérstökum kringumstæðum.

Hver er ávinningurinn? Allt sorp sem kemur á móttökustöðina á Strönd er skráð, einnig allt það sem fer frá stöðinni. Þeir leggja upp með að keyra aðeins með fullfermi til að nýtingin verði sem best.

Með skráningunni afla þeir sér góðra upplýsinga sem auðveldar allt utanumhald. Það þarf ekki að semja við þriðja aðila um þátttöku og allar boðleiðir eru styttri og ákvarðanir auðveldari í framkvæmd. Einnig er betra að ná utan um atvik ef eitthvað fer úrskeiðis.

Af hverju er verið að þessu? Til að uppfylla lagalegar skyldur sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs. Sorpstöð Rangárvallasýslu ákvað að fara í verkefnið vegna þess að kostnaður við umsýslu og sorphirðu í sýslunni þótti kominn fram úr hófi og ógagnsær. Óánægja var í samfélaginu með þjónustu sorphirðu og rekstur grenndarstöðva. Einingin sem um ræddi var við nánari skoðun talin hagkvæm og einnig var vilji til að draga úr flutningskostnaði og að auka eftirlit með úrgagni. Fara þurfti í nauðsynlega innviðauppbýggingu til að ná betri árangri sem var gert. Auðveldar þetta bein samskipti við viðskiptarvininn og boðleiðir eru styttri. Úrgangsstjórnun er partur af nærþjónustu samfélagsins og á því heima hjá stjórnarsýslu sveitarfélaga. Málaflokkurinn er stór og fer stækkandi og því þarf að leggja til peninga í málaflokkinn.

Er þetta fjárhagslega hagkvæmt? Þetta er hagkvæmara í þeirra tilfalli, stærðareining skiptir máli til að meta ávinninginn, þeir eru að þjónusta önnur sveitarfélög og það skapar tekjur. Helstu áskoranir eru: Að halda starfsemi innan starfsleyfanna og að starfsleyfið uppfylli þarfir og kröfur, að finna réttan farveg fyrir úrganginn, það er töluverð sveifla á verði hráefna og breytingar á verðskrár vegna afsetningargjalda. Það er mikilvægt að upplýsa almenning og stofnanir um kostnað vegna rangrar flokkunar, samfélagið þarf að vera í liði með sveitarfélögum. Góð samskipti við stóru úrgagnsþjónustufyrirtækin eru mikilvæg. Það er mikilvægt að þjálfar starfsmenn sem sinna störfum sorpstöðva og það þarf að vanda sig. Uppbýgging tækjabúnaðar þarf að styðja hvern annan til að lágmarka möguleika á rekstrarstöðvun.

Það er mikilvægt að ná utan um ástandið, greina magn, losunartíðni með tilliti til aksturs og þarfa íbúa og vera óhædd að hugsa út fyrir boxið. Hann ítrekar við sveitarstjórnarmenn að vera meðvitaða um hvað er verið að greiða fyrir og að gera kröfur til þjónustuaðila um hvað verður um hráefnið sem tekið er.

8. Erindi: Stefán Aspar Stefánsson, verkefnisstjóri umhverfismála Sv. Hornafjarðar Hvernig er hægt að bregðast við breytingum í úrgangsmálum?

Stefán ræðir um hvernig hægt er að bregðast við breytingum í úrgangsmálum en það eru umfangsmiklar breytingar í vændum þegar að ný lög taka í gildi um komandi áramót.

Sveitarfélög eru mjög misjafnlega í stakk búin að takast á við komandi breytingar. Samningar eru á mörgum stöðum að renna út. Ef farið er í alútboð þá er oft hætt á að sveitarfélögin missi yfirsýn yfir málaflokkinn. Sveitarfélögin greiða reikninginn og fyrirtækið hirðir sorpið.

Það þarf að huga mjög vel að samningagerð þegar að farið verður af stað. Sveitarfélögin þurfa að huga að því hvernig þau ætla að gera þetta, ætla þau að vera móttökuaðilinn?

Ræðir hann um hvernig Sveitarfélagið Hornafjörður er að taka við sorpi í dag. Þeir reyna að vinna sem mest í heimabyggð en sveitarfélagið er með móttökustöð en auðvitað þarf alltaf eitthvað að flytja í burtu. Tíminn er naumur, sveitarfélagið getur rekið móttökustað áfram en það er óvissa yfir komandi breytingum m.a. þar sem reglugerð er ekki klár. Það eru þrjú lykilstjórnstæki sem sveitarfélögin hafa til að stýra úrgangsmálun, þ.e. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs, samþykkt og gjaldskrá. Svæðisáætlunin er enn í vinnslu og því vantar mikilvægan hlekk í keðjuna.

Næsta ár er innleiðing breytinganna en sveitarfélögin eru misjafnlega vel í stakk búin að takast á við þær. Nauðsynlegt er að fá frekari skýringargöng, nýja reglugerð og samræma texta nýrra laga sem fyrst, til að eyða óvissuþáttum. Handbók Umhverfisstofnunar og Sambandsins íslenskra sveitarfélaga um úrgangsstjórnun mun auðvelda ferlið, mikilvægt að sveitarfélögin taki samtalið og vinna saman að breytingunum, því flest eru þau stödd á svipuðum stað. Það þarf að samræma merkingar fyrir allt landið.

Fundarstjóri gefur orðið laust, Haraldur Jónsson, Sigrún Guðmundsdóttir, HSL, Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Rangárvallasýslu, Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Elísabet Björney Lárusdóttir, SASS taka til máls.

9. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

10. Afgreiðsla á b. lið og tillögum c., d., e., f. og g. í 6. dagskrárlið

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2021 verði samþykktur.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2023 verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillaga um þóknun stjórnar verði samþykkt.

Tillaga er bornar undir atkvæði og samþykkar samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykkar

Engar tillögur að breytingu á samþykktum berast.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum verði samþykktar.

Tillögunar eru bornar undir atkvæði fyrr á fundinum, tillaga 1 og 2 eru samþykktar samhljóða, tillaga 3 er felld með meirihluta atkvæða.

11. Kosningar

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 menn og 5 til vara

Aldís Hafsteinsdóttir, leggur fram tillögu kjörnefndar að stjórn SOS.

Aðalmenn:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþ. eystra
Ása Valdís Árnadóttir, GOGG.
Bragi Bjarnason, Sveitarf. Árborg
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarf. Árborg
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerðisbær

Varamenn:

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþ. ytra
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpv.hr.
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarf. Árborg
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarf. Árborg
Ingibjörg Kjartansdóttir, Sveitarf. Ölfus

Kjörnefnd leggur til að Anton Kári Halldórsson verði formaður og Bragi Bjarnason verði varaformaður.

Tillagan að stjórn er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga að formanni og varaformanni er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 10:05.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.



**Fundargerð
aðalfundar
Heilbrigðiseftirlits
Suðurlands bs.**

á Hótel Höfn 28. október 2022

1. Aðalfundarstörf

a. Setning – formaður stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, setur fundinn og býður fulltrúa velkomna.

b. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefni Eyrúnu Fríðu Árnadóttur og Sigurjón Andrésón sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Sigurjón Andrésón tekur við stjórn fundarins.

c. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga stjórnar HSL að kjörbréfa- og kjörnefnd:

| Kjörbréfanefnd | Sveitarfélag |
|-------------------------------|-----------------------|
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Rangárþing ytra |
| Sveinn Ægir Birgisson | Sveitarfélagið Árborg |

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfa- og kjörnefnd þegar til starfa

d. Skýrsla stjórnar

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, flytur skýrslu stjórnar. Kynnir hún stjórn sína og ræðir um að störf HSL frá síðasta aðalfundi en haldnir hafa verið 3 stjórnarfundir frá því stjórnin tók til starfa sl. vor. HSL er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og taka þau fjárhagslega ábyrgð á rekstri þess. HSL starfar eftir lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Bein framlög eiga að standa straum af umsögnum auk annara umsýslu er varða sveitarfélögin. Einnig eiga framlögin að standa undir kostnaði við hreinsun á lóðum og lendum. Ræðir hún um framlög sveitarfélaga á landsvísu, almennt eru framlög sveitarfélaga um 30%. Gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun HSL að framlög sveitarfélaganna verði 27% af heildarútgjöldum. Starfsvæði HSL er víðfeðmt og nær frá Vífilfelli í vestri og að Skeiðarársandi í austri, þá nær starfsvæðið til Vestmannaeyja og yfir allt suðurhálendið. Starfstöðvar eru tvær, á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Heilbrigðisnefndin fundaði í Kerlingarfjöllum í haust, þar má sjá gott dæmi um þá miklu uppbyggingu sem á sér stað á starfssvæðinu. Um 80% ferðamanna sem koma til landsins fara um Suðurland. Miðað við spá Ferðamannastofu munu um 2,3 milljónir ferðamenna heimsækja Ísland á næsta ári. Því er ljóst að mikil innviðauppbýgging þarf að eiga sér stað á svæðinu á komandi árum eigi að takast að taka á móti ferðamönnum og er aðkoma HSL mikilvæg í allri þeirri uppbyggingunni.

Umhverfismál eru sveitarfélögum mikilvæg. Heimsmarkmiðin, loftslagsáætlanir og gæði, hringrásarkerfi, kolefnisbinding o.fl. eru þættir sem sveitarstjórnir eru að innleiða í sínar stefnur. Til að ná markmiðunum er mikilvægt að vera með öflugt heilbrigðiseftirlit, þar er bæði þekking og reynsla á málaflokkunum.

Starfsmenn HSL eru 8, allir með mikla starfsreynslu og er það mikilvægt. Stjórnin samþykkti nýlega að vinna að stefnumörkun fyrir embættið vegna endurmenntunar starfsfólks. Það er ljóst að verkefnið verða sífellt umfangsmeiri og fer ört fjölgandi, það kallar á aukinn mannafla eigi að nást að sinna lögbundnu eftirliti og afgreiða umsagnir, verði dráttur þar á getur það valdið miklu tjóni bæði fyrir sveitarfélögin og þá sem eru að óska eftir þjónustunni. Hún vonar að sveitarstjórnarmenn hafi það í huga þegar að fjárhagsáætlunin verður tekin til afgreiðslu. Þakkar hún Sigrúnu framkvæmdastjóra og starfsmönnum HSL fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

e. Skýrsla framkvæmdastjóra

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdarstjóri, flytur ársskýrslu HSL.

Það er hlutverk heilbrigðiseftirlita að gæta hagsmuna neytenda og stuðla að vernd náttúru með umhverfis- og mengunarvarnaeftirliti. Sveitarfélög bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri, en hins vegar eru faglegar ákvarðanir heilbrigðisnefndarinnar ekki háðar staðfestingu sveitarfélaganna. Heilbrigðiseftirlitin falla undir þrjú ráðuneyti, umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti, matvælaráðuneytið og að einhverjum hluta undir innviðaráðuneytið, þar sem það er ráðuneyti sveitarfélaganna. Stofnuð voru árið 2000 Samtök heilbrigðiseftirlita á Íslandi og nýlega var haldinn aðalfundur samtakanna. Það er gott samstarf á milli svæða, einnig er gott samstarf við Sambandi íslenskra sveitarfélaga og þangað getur eftirlitið leitað eftir sérfræðiaðstoð.

Kynnir hún nýja stjórn og starfsmenn. Hún er mjög ánægð með starfsfólkið sitt, án þeirra væri ekkert að gerast.

Landinu er skipt upp í 9 eftirlitssvæði það er óhætt að segja að Suðurlandssvæðið sé víðfeðmt og nær langt inn á hálendið. Aðildarsveitarfélögin eru 14. Það er mikið samstarf við 8 embætti skipulags- og byggingarfulltrúa einnig brunavarnir, vinnueftirlit og lögreglu. Á svæðinu starfa 2 sýslumenn. Einnig er HSL í samstarfi við SASS.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um leyfi og umsagnir og skráðar gistinætur ferðamanna. Hafa ber í huga að koma ferðamanna á svæðinu er gríðarleg.

Helstu verkefni eru reglubundið eftirlit og leyfisveitingar á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalög, sýnataka á neysluvatni, eftirlit með sölu tóbaks, umsagnir til sýslumanna um rekstrarleyfi, ásamt mörgu öðru.

Það eru um 350 starfsleyfi gefin úr á ári og um 300 umsagnir um rekstraleyfi til sýslumanna, skipulagsumsagnir hafa verið að aukast.

Fer hún yfir tölulegar upplýsingar um eftirlitsheimsóknir og heildarfjölda fyrirtækja á starfssvæðinu. Fjöldi eftirlitsskyldra fyrirtækja var um 1550 í árslok 2021 og heildarfjöldi sýnatöku var um 450. Mikil aukning er í ferðaþjónustu þó útleiga á sumarhúsum hafi dregist saman í Covid19 faraldrinum þá fjölgaði matvælafyrirtækjum.

Ræðir hún um loftgæðamálin og þann árangur sem náðst hefur af hreinsun á brennisteinsvetni frá Helligheiðarvirkjun.

Hreinsun á lóðum og lendum. Fer hún yfir hvað áunnist hefur í því verkefni í máli og myndum, en verkefnið hefur gengið mjög vel. Það er mikilvægt að halda verkefninu áfram og en samvinna við sveitarfélög er lykilatriði til að árangur náist.

Fráveitmál. Það er ekkert þéttbýli á Suðurlandi sem uppfyllir kröfur um hreinsun, skv. skýrslu Umhverfisstofnunar um stöðu fráveitumála 2020. Fer hún yfir stöðu mála á svæðinu, unnið er þó að úrbótum í sveitarfélögunum. Hún bendir á að hægt sé að skoða samantekt í ársskýrslunni um fráveitur.

Verndarsvæði Þingvallavatns. Það var gerð breyting á reglugerð um verndarsvæði Þingvallavatns árið 2021 og slakað á kröfum fyrir einstaka hús. Meginreglan er tveggja þrepa hreinsun, þó með fyrirvara um staðsetningu ef hús eru nær vatninu en 50 m. Þá þarf lokaða þró. Leiðbeiningar eru á heimasíðu HSL.

Nýlega voru birtar leiðbeiningar um minni fráveitur og eru þær aðgengilegar á heimasíðunni. Ný leikvallareglugerð hefur tekið gildi, ný reglugerð um skráningu atvinnurekstrar í stað starfsleyfis er að taka í gildi en enn er beðið eftir fráveitureglugerð. Kynnir hún heimasíðu HSL. Þar er þjónustugátt en þangað er öllum umsögnum beint, einnig er hægt að nálgast þar ýmsar upplýsingar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er í fremstu röð meðal jafningja í innleiðingu á rafrænni stjórnsýslu. Ávinningurinn er að umsækjandi skráir sjálfur inn upplýsingar og skilar inn fylgigögnum sem skilar sér inn í kerfi hjá heilbrigðiseftirlitinu og við það stofnast málið sjálft, þetta er vinnusparnaður fyrir embættið og umsækjandi getur fylgst með framvindu mála í þjónustugátt.

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls tekur auk Sigrúnar, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir.

f. Niðurstaða kjörnefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 62. Alls eru 45 aðalfulltrúar mættir og 4 varafulltrúar, 13 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

g. Ársskýrsla 2021

Sigrún Guðmundsdóttir gerði ársskýrslu 2021 skil í skýrslu stjórnar hér fyrir.

h. Ársreikningur 2021

Sigrún Guðmundsdóttir fer yfir ársreikning ársins 2021. Rekstrartekjur ársins eru rúmlega 145 m.kr. Rekstrargjöld ársins eru tæplega 183 m.kr þar kom fram að rekstrartap ársins er 37,8 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Ársreikningur er borin undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

i. Tillaga að fjárhagsáætlun 2023

Sigrún Guðmundsdóttir kynnir fjárhagsáætlun 2023.

Helstu tölur eru að rekstrartekjur verði rúmlega 173,3 m.kr. og rekstrargjöld tæplega 173,2 m.kr.

Lagt er til að gjaldskrá hækki um 9% sem er í samræmi við kosnaðarhækkunar um þessar mundir. Á yfirstandandi fjárhagsári lækkuðu framlög sveitarfélaga um 10% miðað við árið á undan og er nú lagt til að framlög sveitarfélaga hækki um 18%. Verða framlög þá um 27% af heildarkostnaði embættisins, sem er heldur lægra hlutfall en árið 2021.

Fundarstjóri gefur orðið laust auk Sigrúnar taka til máls Álfheiður Eymarsdóttir og Friðrik Sigurbjörnsson.

Friðrik Sigurbjörnsson leggur fram breytingartillögu um að framlög sveitarfélaga hækki um 2.5% með vísun í þjóðhagsspá.

Álfheiður Eymarsdóttir leggur fram breytingartillögu um að framlög sveitarfélaga hækki um 9,4%.

Fundarstjóri gefur orðið laust auk Sigrúnar taka til máls Álfheiður Eymarsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Helgi Kjartansson Guðrún S. Magnúsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir og Einar Kristján Jónsson.

Einar Kristján Jónsson leggur fram frávísunartillögu vegna tillagna Friðriks Sigurbjörnssonar og Álfheiðar Eymarsdóttur.

Frávísunartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt, tveir eru á móti.

Fjárhagsáætlun 2023 er borin undir atkvæði og samþykkt, tveir eru á móti.

Lagt er til að stjórnin taki til skoðunar tölfræði og samanburð gjaldskrár og framlaga milli svæða og leggi fyrir á næsta ársþingi og verði fjallað um það að ári.

Er tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

j. Tillaga að gjaldskrá 2023

Lögð fram tillaga að gjaldskrá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands þar sem gert er ráð fyrir 9% heildarhækkun.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

k. Önnur mál

Fundarstjóri gefur orðið laust Guðrún Hafsteinsdóttir tekur til máls og þakkar fyrir frábæra samveru og góðan fund og þakkar hún Hornfirðingum fyrir góðar móttökur og starfsmönnum SASS fyrir að vera í góðum samskiptum. Hún hvetur sveitarstjórnarmenn að hafa samband við þingmenn, þeir eru að vinna fyrir þá.

2. Almennar umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

3. Fundarslit

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður, þakkar fyrir góðan fund og þakkar starfsfólki og stjórn fyrir samstarfið.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 11:55.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.